



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 468

Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 488

Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey

Formáli

Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey er félag sem helgar sig siglingaíþróttum í Reykjavík. Félagið sinnir þannig kjölbátasiglingum, kænusiglingum og seglbrettasiglingum auk ólympískra kappróðra. Félagið er með aðstöðu fyrir kjölbáta við Ingólfsgarð í Reykjavíkurhöfn og uppsátur á Gufunesi, og félagsaðstöðu og aðstöðu til kænusiglinga, seglbrettasiglinga og kappróðra í Nauthólsvík fyrir ofan ylströndina.

Félagið er aðili að Siglingasambandi Íslands og hefur umsjón með nokkrum siglingamótum í mótarið sambandsins. Auk þess heldur félagið opnar siglingakeppnir á sundunum á hverjum þriðjudegi yfir sumarið, hátt í tuttugu keppnir á hverju ári. Félagið stendur auk þess fyrir lengri hópferðum kjölbáta og margvíslegum viðburðum í kringum seglskútur og siglingar.

Félagið heldur reglulega námskeið í siglingum fyrir börn og fullorðna. Félagsbáturinn, Sigurvon, er notaður í fullorðinsnámskeið sem fara fram á Ingólfsgarði og á sundunum og í Nauthólsvík eru siglinganámskeið á kænnum og æfingadagskrá fyrir börn og unginga allt sumarið. Félagsmenn hafa náð góðum árangri í kænukeppnum undanfarin ár og eru núverandi Íslandsmeistarar í Optimist B-flokki og Topper Topaz-tvímenningskænum úr Brokey.

Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey var stofnað í febrúar árið 1971 af tólf áhugamönnum um siglingar. Frá upphafi var tilgangur félagsins m.a. að örva áhuga fólks á siglingum. Í fyrstu lögum félagsins sem samþykkt voru á aðalfundi árið 1974 var 2. gr. svohljóðandi: „Markmið félagsins er að starfa að og örva áhuga fólks á siglingaíþróttinni svo og á byggingu báta“. Félagið fékk aðstöðu við Nauthólsvík og hófst þar uppbygging félagsins. Frá 1971 voru þar síðan stundaðar kjölbáta-, kænu- og seglbrettasiglingar af miklu kappi. Félagið óx tvítugfalt til 1999. Að auki var stofnuð róðradeild og starfar hún enn.

Árið 1985 þótti ljóst að þáverandi aðstaða félagsins við Nauthólsvík var ekki til frambúðar. Skipulagsyfirvöld höfðu lagt fram tillögu um framtíðarskipulag svæðisins sem fól í sér að vikinni yrði lokað og umhverfið byggt upp sem útivistarsvæði. Borgaryfirvöld ætluðu um tíma félagsheimili Brokeyjar það hlutverk að verða stríðsminjasafn. Níels Nielsen komst svo að orði á aðalfundi 1985 að "... hætta [er á] að að okkur verði þrengt þar sem við erum ekki beinlínis í skipulagi þessa svæðis". Í framhaldi af því fóru Níels og Ari Bergmann til viðræðna við borgaryfirvöld og Reykjavíkurhöfn um leyfi til að setja niður flotbryggjur í Reykjavíkurhöfn. Var umleitunum þeirra vel tekið og strax í júlí 1987 voru teknar í notkun fjórar bryggjueiningar á núverandi stað við Ingólfsgarð. Reykjavíkurhöfn átti drjúgan hlut í vinnu og kostnaði við að koma bryggjunum fyrir. Leguplássin fylltust strax og voru þar tuttugu bátar það sumar. Ári seinna var einingunum fjölgað um tvær. Bryggjurnar hafa sprengt utan af sér og brýnt orðið að þeim verði fjölgað sem og betur búið að þeim með tilliti til öldugangs. Haustið 2004 var síðan bætt við annarri flotbryggju, 100 m langri utan við gömlu flotbryggjuna. Hún hefur m.a. það hlutverk að veita skjól.

Árið 1993 var farið að tala af alvöru við Reykjavíkurhöfn um mögulegt húsnæði eða lóð við höfnina. Félagið naut mikillar velvildar hafnaryfirvalda og eftir að ýmsir möguleikar höfðu verið skoðaðir var gengið til samninga um að félagið leigði húsnæði við Austurbugt 3. Árið 1994 lögðu félagmenn undir dyggri forystu Jóns Rafns mikla vinnu í að standsetja húsnæðið. Hið nýja félagsheimili var síðan tekið í notkun í júní 1995.

Þegar framkvæmdir hófust við tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík árið 2007 var félagsheimili Brokeyjar rífið ásamt öðrum byggingum við Austurbugt og á Faxagarði. Í sárabætur fékk félagið tímabundna félagsaðstöðu við flotbryggjuna á Ingólfsgarði. Nú er til umfjöllunar skipulagstillaga þar sem félaginu er ætlaður staður á Ingólfsgarði og er unnið að því að móta þar nútímaaðstöðu siglingafélags til framtíðar. Um leið hefur aðstaðan í Nauthólsvík verið bætt með hliðsjón af siglinganámskeiðum fyrir börn og unglinga sem félagið heldur á hverju sumri. Sjá nánar www.brokey.is/

Gögn þessi voru færð Borgarskjalasafni af Snorra Tómassyni í janúar 2012.

Skjalaskrá

Askja 1

Fundargerðabók Siglingafélags Reykjavíkur, Brokey, 1971-1987, aðalfundir, ársskýrslur, rekstrarreikningar, lög, skýrsla stjórnar o.fl.
Fundargerðabók Siglingafélags Reykjavíkur, Brokey, 1989-1996, aðalfundir, ársskýrslur, rekstrarreikningar, lög, skýrsla stjórnar o.fl..
Fundargerðabók Siglingafélags Reykjavíkur, Brokey, 1972-1994, stjórnarfundargerðir.

Askja 2

Fundargerðir Siglingafélags Reykjavíkur, Brokey, 1997-1999, tvær stjórnarfundargerðir.
Skiptisdagbók 1994-2001.

Örk 1

Fundargerð aðalfundar Siglingafélags Reykjavíkur, Brokey, 1997 og 1998.
Skýrsla stjórnar, án ártals.
Fundarboð 1989, 1991 og 1997.
Listi yfir sögu Siglingafélags Reykjavíkur, Brokey, 1971-2011.
Ársskýrslur og ársreikningar 1988-1990 og 1996-2001.
DVD-diskur. Úr sögu Siglingafélags Reykjavíkur.

Skráð í mars 2012,
Jakobína Sveinsdóttir

Gögn þessi voru færð Borgarskjalasafni af Snorra Tómassyni 6. júní 2012.

Askja 3

Bréfa- og málafn 1993-1995.
Dagskrá aðalfundar Brokeyjar 1990 og lög fyrir Brokey, Siglingafélag Reykjavíkur 1989.

Fundargerðir í stjórn Siglingafélags Reykjavíkur, Brokeyjar, 1994.
Stjórnarfundargerðir Brokeyjar 3. febrúar til 21. september 2004.

Brokey, Siglingafélag Reykjavíkur. Drög að áætlun til aldamóta (1994-2000) og (1995-2000).

Sumarstarf Brokeyjar kænudeildar 1993.

Alþjóðleg siglingakeppni á Íslandi, viðauki, án árs.

Alþjóðleg þríkeppni Stöðvar 2 og Títan, 1994.

Húsaleigusamningur milli Reykjavíkurborgar og Siglingafélagsins Brokeyjar vegna Austurbugar 3 og ljósrit af teikningu.

Félagatal Brokeyjar 1994 og 1995.

Umsókn um styrk úr Íþróttasjóði 1995.

Bókagjafarbréf Steinars Gunnarssonar og Margrétar Björgvinsdóttur, 1995.

Ráðningarsamningur við Óttar Hrafnkelsson um skipulag og æfingar kænusiglingamanna, 1994. *Trúnaðarmál.*

Fundargerðir aðalfunda og fundargerðir í stjórn Siglingafélags Reykjavíkur, Brokeyjar 2007-2009, ásamt fylgiskjölum.

Bréf, tölvupóstar o.fl. 2007-2009.

Siglinganámskeið 2009.

Úthlutun sumarstarfa 2010.

Húsaleigusamningur milli Reykjavíkurborgar og Siglingafélagsins Brokeyjar á hluta af Nauthólsvegi 100, 2010.

Umsókn um styrk úr borgarsjóði 2010.

Askja 4

Prentað mál

Siglingafréttir, 1. tbl. 1979.

Notice of race. Gravelines-Reykjavik-Dunkerque, 1991.

Siglingar á kjölbátum. Keppnir undir stjórn keppnisstjóra Brokeyjar, 1994.

Rules and conditions of entry. Iceland race from Plymouth to Reykjavík, 1997.

Siglingar fyrir byrjendur. Niels Chr. Nielsen, án árs.

Skippers d'Islande – The 2003 edition. General presentation of the race.

Fjármál

Ársreikningar Brokey, Siglingafélag Reykjavíkur, 1989-1995.

Skráð í júlí 2012,
Jakobína Sveinsdóttir